

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Stolt Sea Farm hf.	09.11 og 17.11	Reykjanesi	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
610911-0480	01.07.24	Nei.	Landeldi allt að 2000 tonnum af senegalflúru árlega.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Skv. grænu bókhaldi rekstraraðila var framleiðsla tæp 380 tonn og afföll rúm 21 tonn. Skv. tp. frá rekstraraðila 14. september sl. var lífmassaframleiðslan rúm 340 tonn, þar af tæp 2 tonn styrja, en á árinu var tæplega 380 tonnum slátrað.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið er að sækja um breytingu á starfsleyfi vegna styrjueldis.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru í lagi. En eftirlitsaðili bendir þó á að þær skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila þegar óskað er eftir þeim.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Grænu bókhaldi var skilað fyrir 1. maí en það var ekki fullnægjandi sem ársyfirlit. Viðbótarupplýsingar bárust með tölvupósti rekstraraðila dag. 14. september sl og í útstreymisbókhaldi, niðurstöður mælinga 2019 bárust 9.des.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X		X	Grænu bókhaldi vegna 2019 var skilað 30. apríl . Útstreymisbókhaldi vegna 2019 var skilað 14. september sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar,	X			Áætlanir eru á staðnum í gæðahandbók.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Er í gæðahandbók.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Eru með Global Gap og Friend of the Sea vottanir. Ekki starfað eftir öðru umhverfisstjórnunarkerfi.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurnýting var 1,5 á árinu en skv. rekstraraðila er það þó hægt að rekja til lélegrar kynslóðar sem var fargað að miklu leyti, frekar en til offóðrunar. Markmiðið er 1,25 og seinastliðna mánuði hefur fóðurstuðullinn náð u.þ.b. 1,3.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X X			Skv. starfsleyfi eru losunar mörk fosfórs 20 kg/tonn. Skv. ústreymisbókhaldi og útreikningum sem bárust í tp.út frá fóðurnotkun er losun 19 kg/tonn P og 97 kg/tonn N, sem telst frekar hátt þótt það sé innan leyfilegra marka. Var mælt 2016 og 2019.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Enga uppsöfnun var að sjá, fisk, né óeðlilega lykt við útrás. En mikil þynning er á frárennslinu vegna mikils vatnsmagns frá HS Orku.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í	X			Engin hreinsun er á frárennslis.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				Frárennslið rennur í lokuðum lögnum að bunustokk HS Orku þar sem það sameinast frárennsli HS Orku.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Stöðin stendur um 150 m frá sjó. Frárennslið rennur um 400 m leið að bunustokk HS orku og sameinast honum um 25 m. frá útrásinni. Mikið vatn kemur frá virkjuninni og vatnskipti í viðtaka einnig mikil.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Engar mælingar eru gerðar á viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Afföll á árinu 2019 voru um 21 tonn. Kvittanir fyrir móttöku almenns úrgangs og dauðfisks voru til staðar. Skv. gr. 3.5 í grænu bókhaldi fer dauðfiskur í endurvinnslu, bræðslu, en skv. upplýsingum frá rekstraraðila og móttökuaðila fer hann þó ekki í endurvinnslu heldur er urðaður í Álfsnesi.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Skv. starfsleyfi á að mæla svifagnir og TOC/COD í frárennsli á þriggja ára fresti. Mælt var árið 2016 en í mælingu á frárennslissýni sem var tekið í desember 2019 fórst fyrir að mæla þetta tvennt. TOC og COD var mælt í frárennsli í febrúar 2020.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Niðurstöður á mælingum á inntaksvatni 2019 fylgdu útstreymisbókhaldi en ekki niðurstöður þeirra mælinga sem gerðar voru á frárennslisvatni.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Til stóð 9. nóv sl. að klára að taka sýni úr inntaksvatni og senda út til mælinga. Sýni eru tekin á inntaksvatni frá HS orku tvisvar á ári.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				Skv. rekstraraðila, 9. desember sl., stendur til að taka sýni úr frárennsli fyrir áramót. Rekstraraðili tekur sýnið og sendir á rannsóknarstofu móðurfyrirtækis á Spáni.
--	--	--	--	---

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fjögur frávik komu fram við eftirlit 2019 er vörðuðu umfang eldisins, skiladagsetningar græns bókhalds og útstremisbókhalds og ófullnægjandi ársyfirlit. Fimm ábendingar voru gerðar.

Samantekt:

Snyrtileg stöð með fullnægjandi skráningar.

Grænu bókhaldi 2019 var skilað fyrir 1. maí sl. en þar sem það fullnægði ekki kröfum um ársyfirlit er skráð frávik þess efnis. Einnig fylgdu niðurstöður frárennismælinga ekki. Útstremisbókhaldi 2019 var skilað eftir 1. maí og niðurstöðum mælinga 2019 hefur verið skilað. Bent er á að passa skuli framvegis að senda inn fullnægjandi ársyfirlit, grænt bókhald og útstremisbókhald fyrir 1. maí ár hvert til að forðast frávik og eftirfylgni því tengt.

Frávik er einnig skráð í eftirlitinu er snýr að mælingum í frárennsli 2019, en TOC og svifagnir voru ekki mæld í þeim frárennissýnum sem voru tekin. TOC og svifagnir voru mæld í frárennsli í sýnum sem voru tekin í febrúar 2020. Eftirlitsaðili óskar eftir að það verði mælt aftur eigi síðar en 2022, þremur árum frá því að átti að mæla seinast.

Frávik v. umfangs frá 2019 er enn opið, þar sem enn er alin styrja í stöðinni en ekki er búið að breyta starfsleyfi.

Ábending kom fram í eftirliti 2019 er varðaði uppfærslu vöktunaráætlunar. Uppfærð áætlun var send inn 2. mars sl. og er hún samþykkt af eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili bendir þó á að skv. áætluninni skulu vera teknar myndir af útrás rekstraraðila 1x í mánuði og myndirnar aðgengilegar fulltrúum UST. Rekstraraðili skal ganga úr skugga um að slíkt sé gert.

Einn 1800 L olúgeymir er á staðnum og skráning sbr. gagnasöfnun um olúgeyma hefur verið send inn.

Annað:

Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Reykjanesi



Dags eftirlits	17.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Holdings	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Helgi Ólafsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlitið er varða mælingar í frárennsli og gagnaskil. Tvær ábendingar eru gerðar.

Enn er opið frávík sem skráð var í eftirliti 2019 vegna eldis á styrju en því verður fylgt eftir í aðskildu bréfi. Vöktunaráætlun sem send var inn í mars sl. í kjölfar ábendinga í eftirlitsskýrslu er samþykkt af eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Farið var yfir gögn og áætlanir á fjarfundum þann 9.nóvember og 17. nóvember sl. Að því loknu var farið í vettvangsferð og stöð og frárennsli skoðað.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávík og úrbætur
 - o Breyting á starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Umfang
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr. 3.1
- Gagnaskil
- Tilkynningar og viðbragðs- og neyðaráætlanir
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Umgengni um mengandi efni
- Dauðfiskur
- Annar úrgangur
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð 884/2017

Frávík frá	Lýsing á frávíki
gr. 3.3 í starfsleyfi	Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC eða COD) í frárennsli á a.m.k. þriggja ára fresti. TOC og svifagnir voru mæld í frárennsli 2016 en ekki 2019. TOC og svifagnir var mælt í frárennsli í febrúar 2020. Frávíkinu telst því lokið.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænu bókhaldi 2019 var skilað fyrir 1. maí sl. en uppfyllti ekki kröfur um ársyfirlit. Viðbótarupplýsingum var skilað í tölvupósti 14. sept sl. og í útstreymisbókhaldi. Mæliniðurstöðum úr frárennslissýnum 2019 var skilað 9.des sl. Frávíkinu telst því lokið.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Útstreymisbókhaldi skal skila árlega fyrir 1. maí vegna undangengins almanaksárs. Útstreymisbókhaldi 2019 var skilað 14. september sl. Frávíkinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Bent er á að passa skuli framvegis að senda inn fullnægjandi ársyfirlit, grænt bókhald og ústreymisbókhald fyrir 1. maí ár hvert til að forðast frávik og eftirfylgni því tengt.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að skv. samþykktri vöktunaráætlun skulu vera teknar myndir af útrás rekstraraðila 1x í mánuði og myndirnar aðgengilegar fulltrúum UST. Rekstraraðili skal ganga úr skugga um að slíkt sé gert.

ANNAD

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar oliugeyma.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.12.2020


Hulda Soffía Jónasdóttir